




Innlána safnið - fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið - fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hófleg áhætta



Áræðna safnið - fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 31.03.2020

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

Orðsending fjárfestingaráðs:

Síðasti ársfjórðungur hefur einkenst af miklum sveiflum á eignamörkuðum. Fordæmalausir tímar í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 kalla á fordæmalaus viðbrögð. Seðlabankinn og ríkisstjórn Íslands hafa brugðist við verri tímabundnum horfum í hagkerfinu með því að lækka vexti, mögulegri beitingu magnbundinnar íhlutunar á markaði og með því að lofa auknum ríkisútgjöldum hér á landi. Seðlabankar og ríkisstjórnir víða um heim hafa brugðist við ástandinu

með sambærilegum hætti á viðkomandi mörkuðum. Á meðan þetta ástand varir hafa fjárfestar sótt í áhættuminni eignir og hefur ávöxtun skuldabréfa því verið ágæt á fjórðungnum, hvort sem er á innlendum eða erlendum markaði. Gengi hlutabréfa hefur aftur á móti átt undir högg að sækja á tímabilinu. Veiking krónunnar á þessum sama tíma hefur jákvæð áhrif á ávöxtun erlendra eignaflokka. Líklegt er að áfram muni ríkja mikil óvissa á eignamörkuðum næstu mánuði.